



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagurinn, 11. maí 2018

Ákvörðun nr. 15/2018

Endurskoðun skilyrða ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2012, Samruni Kvosar ehf. og Plastprents ehf.

I.

Tildrög og málsmeðferð

Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til beiðni frá Odda prentun og umbúðum ehf. (hér eftir Oddi) um endurupptöku á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2012 *Samruni Kvosar ehf. og Plastprents ehf.* og niðurfellingu á þeim skilyrðum sem sett voru samrunanum sem þar var til umfjöllunar.

Aðdraganda þessa máls má rekja til framangreindrar ákvörðunar eftirlitsins þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að tilefni væri til íhlutunar skv. 17. gr. c samkeppnislaga nr. 44/2005 vegna kaupa Kvosar ehf.¹ (hér eftir Kvos) á Plastprenti ehf. (hér eftir Plastprent). Höfðu viðræður við samrunaaðila leitt til sáttar sem fólu í sér skilyrði sem að mati Samkeppniseftirlitsins leystu hin samkeppnislegu vandkvæði sem af samrunanum stafaði. Samkvæmt ákvörðuninni var samruna framangreindra félaga sett skilyrði sem nánar eru tilgreind í 1.-6. gr. í ákvörðunarorðum. Var skilyrðunum ætlað að tryggja að hin sameinuðu félög myndu ekki mismuna viðskiptavinum sínum á umbúðamarkaði í verði eða með öðrum viðskiptakjörum án þess að málefnaleg sjónarmið byggju að baki. Var samrunaaðilum gert óheimilt að synja samkeppnisaðilum sínum á umbúðamarkaði um viðskipti nema á grundvelli ríkra og málefnalegra ástæðna. Að auki var skilyrðunum ætlað að koma í veg fyrir hættu á samtvinnun vara og koma í veg fyrir að hin sameinuðu félög verðlegðu söluvörur sínar þannig að um víxlniðurgreiðslur á verði á vörum væri að ræða. Í ákvörðuninni segir jafnframt, sbr. 6. gr. ákvörðunarorðanna:

„Telji samrunaaðilar að breytingar hafi orðið á stöðu þeirra þannig að hlutdeild þeirra á þeim mörkuðum sem skilyrði þessi taka til hafi minnkað verulega geta þeir óskað eftir endurupptöku ákvörðunar þessarar af hálfu Samkeppniseftirlitsins.“

Markaðir málsins voru nánar tilteknir þrír undirmarkaðir umbúðamarkaðar að mati Samkeppniseftirlitsins, þ.e. markaðurinn fyrir umbúðir úr mjúku plasti, markaðurinn fyrir umbúðir úr öskjuefni og markaðurinn fyrir umbúðir úr bylgjupappa. Í forsendum ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2012 kom fram að þeir markaðir sem til skoðunar voru væru mjög tengdir. Oft þyrfti fleiri en eina tegund umbúða til innpökkunar á einni og sömu framleiðsluvörinni. Við rannsókn málsins aflaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga um

¹ Nafni félagsins var breytt í Oddi prentun og umbúðir ehf. árið 2015.



hlutdeild félaga á mörkuðum fyrir mjúkar plastumbúðir, umbúðir úr bylgjupappa og umbúðir úr öskjuefni. Samkvæmt þeim upplýsingum og því sem fram kom á fundum eftirlitsins með aðilum vegna málsins, var að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að samrunaaðilar hefðu allsterka stöðu á framangreindum mörkuðum. Plastprent var eini framleiðandi mjúkra plastumbúða á Íslandi og helstu keppinautar þess voru innflytjendur á mjúkum plastumbúðum. Kvos var svo eini framleiðandi umbúða úr bylgjupappa á Íslandi og hafði einnig umtalsverða markaðshlutdeild á markaðnum fyrir umbúðir úr öskjuefni. Þannig var ljóst að hin sameinuðu félög gátu boðið upp á talsverða breidd í vörum og þjónustu fyrir kaupendur umbúða, þótt því hafi einnig haldið fram í málinu að sameinað fyrirtæki myndi njóta samkeppnislegs aðhalds af innflutningi.

Beiðni Odda um endurupptöku og niðurfellingu skilyrðanna barst með bréfi dags. 10. nóvember 2016 og er vísað til framangreindrar 6. gr. skilyrðanna og 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Byggði félagið erindi sitt á því að staða fyrirtækisins á viðkomandi mörkuðum hafi breyst og markaðshlutdeild þess lækkað. Í því samhengi vísaði félagið til þess að markaðshlutdeild þess á heildarmarkaði fyrir sölu umbúða hafi lækkað niður í 25-30% líkt og fram kemur í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2016 *Samruni Samhentra Kassagerðar hf. og Frjó Umbúðarsölnunnar ehf.*

Með bréfum, dags. 1. febrúar 2017, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir umsögnum og sjónarmiðum um framangreinda beiðni Odda frá ýmsum keppinautum félagsins á umbúðamarkaði. Bárust sjónarmið frá þremur umsagnaraðilum á tímabilinu frá 2. febrúar 2017 til 20. mars 2017. Gerðu tveir umsagnaraðilar athugasemdir við beiðnina. Byggðu þeir á því að Oddi hefði ennþá sterka stöðu á umbúðamörkuðum þar sem félagið væri það eina á Íslandi sem framleiðir mjúkar plastumbúðir og umbúðir úr bylgjupappa.

Í lok janúar 2018 tilkynnti Oddi opinberlega að félagið hefði sagt upp 86 starfsmönnum. Uppsagnirnar væru vegna breyttra áherslna við umbúðaframleiðslu fyrirtækisins. Innlendra framleiðslu plast- og bylgjuumbúða verði hætt og áhersla lögð á innflutning umbúða og eflingu prentverks og öskuframleiðslu.² Framleiðslu verði hætt á næstu mánuðum í verksmiðjunum Plastprenti og Kassagerðinni. Þá hefur komið fram í fjölmiðlum að fyrirtækið hafi ákveðið að hætta prentun og framleiðslu innbundinna bóka, auk framleiðslu á plast- og bylgjuumbúðum. Þess í stað verði eðli félagsins breytt með aukinni áherslu á umbúðalausnir.³

Með tölvupósti, dags. 12. mars 2018, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir frekari upplýsingum frá Odda um framangreind áform félagsins. Bárust svör frá Odda með bréfi, dags. 23. mars 2018. Þar kom fram að gríðarlegar breytingar hafi orðið á markaði fyrir umbúðir frá árinu 2012 þegar Kvos gerði sátt um fyrrgreind skilyrði. Þá hafi frá því að erindi var sent Samkeppniseftirlitinu í nóvember 2016 orðið enn frekari breytingar á markaðnum og starfsemi Odda. Þannig hafi verið ákveðið að hætta framleiðslu á mjúku plasti og bylgjupappa hjá félaginu og að síðasti starfsdagur þess starfsfólks sem sagt hefði verið upp vegna þessa sé 30. apríl 2018. Þá hafi verið samið við erlent félag varðandi sölu á þeim vélbúnaði sem nýttur hafi verið til framleiðslunnar. Í bréfinu kemur einnig fram að fyrirsjáanlegt sé að áframhald verði á þróun á umbúðamarkaði. Nýjar lausnir séu í stöðugri

² Sjá frétt í Viðskiptablaðinu þann 30. janúar 2018, *Oddi segir upp 86 starfsmönnum.* <http://www.vb.is/frettir/oddi-segir-upp-86-starfsmonnum/144632/>

³ Sjá grein í Viðskiptablaðinu þann 5. apríl 2018, *Byggja upp nýjan Odda.*



þróun og ný tækni í fullkomnari þökkunarvélum hjá matvælaframleiðendum breyti umbúðum og hráefnum í umbúðum. Viðbúið sé að innfluttar umbúðir leysi innlendar lausnir af í mörgum vöruflokkum af þessum sökum.

Í kjölfar þess að hafa mótttekið framangreind sjónarmið Odda aflaði Samkeppniseftirlitið á ný sjónarmiða frá þeim umsagnaraðilum sem við meðferð málsins höfðu lagst gegn niðurfellingu á skilyrðum ákvörðunar nr. 27/2012. Í samtölum við umrædda aðila kom fram það mat þeirra að í ljósi þeirra breytinga sem orðið höfðu á rekstri Odda væru forsendur fyrir umræddum skilyrðum ekki lengur til staðar.

II.

Niðurstaða

Líkt og áður greinir kom fram í 6. gr. ákvörðunarorða framangreindrar ákvörðunar að samrunaaðilar geti óskað eftir endurupptöku ákvörðunarinnar telji þeir að breytingar hafi orðið á stöðu þeirra þannig að hlutdeild þeirra á mörkuðum sem skilyrði ákvörðunarinnar taka til hafi minnkað verulega. Þá kemur fram í 24. gr. stjórnarsýslulaga að aðili máls á rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 2. tl. 1. mgr. ákvæðisins.

Í ljósi þeirra breytinga sem nú hafa orðið á rekstri Odda, og lýst er hér að framan, telur Samkeppniseftirlitið að ekki séu lengur til staðar þær forsendur sem lágu til grundvallar sáttinni sem birt var með ákvörðun nr. 27/2012. Er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að fella skuli úr gildi þau skilyrði sem fram komu í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2012.

III.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið hefur fallist á beiðni Odda prentunar og umbúða ehf. um að fella úr gildi skilyrði í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2012, Samruni Kvosar ehf. og Plastprents ehf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson